**Nd. 700. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 33, 2. nóv. 1914, um breytingu á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Frá Fátækralaganefndinni.

Frumvarp þetta, sem flutt hefir 2. þingm. Eyfirðinga, gerir þá einu breytingu á núgildandi lögum um sveitarstjórn, að leggja megi aukaútsvar á atvinnu útlendra skipa við verkun á síld á höfnum inni, eða í landhelgi, líkt og um hvern annan atvinnurekstur, sem leyft er að leggja aukaútsvar á.

Nefndin sjer ekkert á móti því, að þessi viðbót sje gerð, og ræður háttv. deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 1. sept. 1915.

Sigurður Gunnarsson,
formaður.

Þorleifur Jónsson,
skrifari.

Jóhann Eyjólfsson.

Hjörtur Snorrason.

Sigurður Sigurðsson.